



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ** 135/735  
**komudagur** 4.12.2007

Heilbrigðisnefnd Alþingis  
Þórunn María Bjarkadóttir nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 1. desember 2007  
2007110130/91/MH/gh

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum (nikótínlyf í smásölu).**

Landlæknisembættið þakkar fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um frumvarp til breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, sem flutt er af Katrín Júlíusdóttur og sjö öðrum þingmönnum, en þar er gert ráð fyrir að við 1. mgr. 20. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þó er þeim sem hafa leyfi til sölu tóbaks í smásölu skv. 11. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir heimilt að selja nikótínlyf sem ekki eru lyfseðilsskyld. Um sölu á nikótínlyfjum samkvæmt þessari grein gilda ákvæði laga um tóbaksvarnir eftir því sem við á.

Tóbaksreykingar eru mjög ávanabindandi, algengar og hættulegar til lengri tíma litið. Reykingar drápu 100 milljón manns á 20. öldinni og er gert ráð fyrir að þær drepi um 1 milljarð manna á 21. öldinni. Helmingur reykingafólks deyr ótímabærum dauðdaga ef það hættir ekki reykingum. Í heiminum er um það bil 1.1. milljarður reykingamanna og er búist við að þeir verði 1.6 milljarðar árið 2025. Erlendis sýna rannsóknir mikinn stéttamun á þann veg að reykingar eru mun algengari hjá ómenntuðu fólki og þeim sem hafa lágar tekjur. Eykur það enn á þann stéttafarslega heilsumun sem það fólk býr við. Árið 1987 reyktu 33% Íslendinga á aldrinum 15-79 ára daglega, en 19,3% árið 2006, sem er 42% minnkun á 20 árum.

Flest reykingafólk heldur áfram að reykja vegna þess að það er háð nikótíni í tóbaksreyknum, en nikótínið berst inn í slagæðablóðrásina og til heilans. Það að verða fyrir tóbaksreyk á ungum aldri eykur fjölda nikótínviðtaka í heila og getur aukið á líkur þess að barn verði háð nikótíni þegar fram í sækir. Nikótín má fá úr tóbaki af tvennum toga. Annars vegar fæst nikótín úr reyktóbaki, en hins vegar úr reyklösu tóbaki, svo sem neftóbaki og munntóbaki, en notkun þess síðarnefnda hefur aukist að vinsældum meðal ungs fólks. Notkun munntóbaks er þó bönnuð í Evrópusambandslöndum öðrum en Svíþjóð, en þar í landi er minnst reykingatíðni á vesturlöndum og lægst tíðni lungnakrabbameina. Munntóbak er ekki hættulaust, en skaðsemi þess er mun minni en reyktóbaks. Reyktóbak, þ.e. sígarettur, vindlar og píputóbak, tengist hundruðum eiturefna og krabbameinsvaldandi efna. Það eru þessi efni sem valda heilsuskaða hjá reykingafólki, sérstaklega lungnakrabbameini, langvinnnum lungnateppusjúkdómum, hjartasjúkdómum og heilablóðfalli.

Nikótín í lyfjaformi, þ. e. sem tyggigúmmí, plástur, nefúði, innöndunarlyf eða tungurótartöflur, er skaðminna en munntóbak og miklu skaðminna en en reykingatóbak. Nikótín er ekki krabbameinsvaldandi og orsakar ekki langvinna lungnateppu. Það hefur áhrif á blóðþrýsting og hjartsláttarhraða, sem búast mætti við að yki áhættu á hjarta- og æðasjúkdómum, en þessarar skaðsemi hefur ekki orðið vart í reynd. Nikótín minnkar blóðflæði til fylgju, en nikótín í lyfjaformi veldur ekki minni fæðingarþyngd í sama mæli og reykingar. Nikótín í lyfjaformi er hættuminnsta aðferðin til að svala nikótínfíkn. Þótt nikótín í lyfjaformi sé ekki með öllu öruggt er áhætta við notkun þess mjög lítil samanborið við tóbaksnotkun, ekki síst reyktóbaksnotkun.

Nikótínlyf komu fyrst á markað fyrir 20 árum. Markmiðið var að fólk notaði þau um skamma hríð til að venja sig af sigarettureykingum. Rannsóknir sýna að líkur á því að hætta reykingum aukast nær tvöfalt ef nikótínlyf eru notuð. Þó ber að hafa í huga að mjög mörgum sem reyna að hætta að reykja tekst það ekki, hvort heldur þeir nota nikótínlyf eður ei. Þannig má segja að einungis einn af hverjum fimm reykingamönnum halda reykingabindindi eftir sex mánuði, þótt þeir noti nikótínlyf. Ástæðan kann að vera að lyfin gefa frá sér nikótín í lægri skammti og hægar en sigarettur. Þá eru nikótínlyf dýr í innkaupi, ekki eins aðgengileg og reyktóbak og sumir reykingamenn telja lyfin hættulegri en þau í raun eru.

Notkun nikótíns í lyfjum fellur undir það sem á ensku er kallað “harm reduction” eða “lágmerkun á skaðsemi” og felst í því að notað er efni, sem ekki er með öllu hættulaust, en mun áhættuminnna en það efni sem það kemur í staðinn fyrir. Annað dæmi er notkun metadóns eða Subutex við meðhöndlun ópíumfíkla, sem er viðurkennd meðferð, en mjög sérhæfð og fyrir mjög þröngan hóp fólks. Reyktóbak er hins vegar lögleg söluvara, sem sætir ekki miklum takmörkunum, öðrum en verslunarleyfi, sérstöku auðfengnu tóbakssöluleyfi og takmörkunum á sölu til fólks undir 18 ára aldri, þrátt fyrir gífurlega heilsufarslega skaðsemi reyktóbaks. Flest mælir því með sölu nikótínlyfja með sömu takmörkunum og eru á sölu reyktóbaks. Ólíklegt er að fullorðnir einstaklingar, sem ekki eru háðir nikótíni, fari að neyta nikótínlyfja. Hins vegar er viss hætta á fíkti og ókunnugleika barna á vörunni og því nauðsynlegt að hafa aldurstakmörk. Einnig þarf að hafa upplýsingar um hvaða aðferðir eru vænlegastar til árangurs og hvaða möguleikar eru í boði varðandi námskeið, símaráðgjöf og annað slíkt. Apótekin gætu hins vegar laðað til sín viðskiptavinum með því að bjóða upp á viðtöl við lyfjafræðinga með þekkingu á þessu sviði.

Virðingarfyllst,

  
Matthías Halldórsson  
aðstoðarlandlæknir